

BÍLRÚÐUR

LAUGARDAGUR 21. JÚLÍ 2012

Kynningarblað

Framrúðutrygging
Glæsivagnar í Mónakó
Hreinar bílrúður
Örugg rúðuskipti
Vandaðar ísetningar



Starfsmenn Poulsen, þeir Ragnar Matthíasson, Grétar Fannar Ó. Thorarensen, Friðrik Hreinsson, Brandur R. Axelsson og Sigurður Örn Úlfarsson.



Starfsfólk Poulsen vinnur eftir ströngum vinnureglum við ísetningu bílrúða sem tryggir að ávallt er vandað til verks.

MYND/ERNIR

Bílrúður eru okkar fag

Fyrirtækið Poulsen er stærsti bílrúðuinnyfletjandi landsins og býður upp á rúður í flestar gerðir bíla. Í Skeifunni 2 rekur Poulsen fullbúið bílrúðuverkstæði. Þar starfa fagmenn með margra ára reynslu sem meðal annars sinna kennslu í bílrúðusetningum fyrir viðskiptavinum Poulsen. Mikil áhersla er lögð á gæði, bæði í vörum og þjónustu.

Poulsen var stofnað af Dananum Valdimar Poulsen árið 1910 og er því orðið rúmlega aldargamalt fyrirtæki. Hjá Poulsen starfa í dag um 30 manns, hver með sína sérhæfingu, sem þjónusta bæði bíleigendur og bifreiðaverkstæði. Fullbúið bílrúðuverkstæði Poulsen er í Skeifunni 2.

Þjónustum alla

Ragnar Matthíasson, einn eigenda Poulsen, segir það ganga fljótt fyrir sig að skipta um rúðu í bíl þegar fagmenn eru að verki. „Þetta er einfalt mál. Ef rúða er brotin í bílnum, hvort sem er að framan, aftan eða á hlið, pantar fólk tíma í bílrúðuskiptum. Við fáum upplýsingar um númer bíls og hvar hann er tryggður. Mætt er með bílinn á umsömdum tíma, tjónaskýrslan fyllt út og hann skilinn eftir. Bílinn er svo tilbúinn seinnipart dagsins. Svona einfalt er þetta nú,“ segir Ragnar.

Hvað kostnað varðar þarf ávallt að borga sjálfsábyrgð við bílrúðuskipti en ef gera á við rúðu er það greitt að fullu af tryggingafélaginu.

Fagmennska í fyrirrúmi

Verkstæði Poulsen hefur á að skipa faglærðu starfsfólki með margra ára reynslu. Meðal annars hefur það sinnt kennslu í bílrúðusetningum og bílrúðuviðgerðum úti um allt land.

„Bílrúðusetning er mikið vandaverk og ekki sama hvernig hún er framkvæmd. Við höfum tileinkað okkur ákveðnar vinnureglur sem skara langt fram úr almennum vinnureglum. Það er trygging fyrir viðskiptavininn að vönduð vinnubrögð séu ávallt viðhöfð og að viðgerðin muni standast tímans tönn.“

Gæði og vandvirkni

Mikil áhersla er lögð á gæði, bæði í vörum og þjónustu. Poulsen flytur inn stærstu merkin í bílrúðum, AGC og Pilkington sem er virtasti og umsvifamesti bílrúðuframleiðandi heims.

„Þar sem við erum stærsti innflytjandi á bílrúðum, listum, smellum ásamt vélum og tækjum til rúðuskipta höfum við ávallt nýjustu tæki og beitung nýjustu aðferðum við rúðuskipti.“

Tilboð í júlí

Í júlí mun Poulsen veita 50% afslátt af rúðupurrkum til þeirra sem koma í rúðuskipti eða viðgerð á rúðu.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu fyrirtækisins: www.poulsen.is eða í síma 530 5900.

EF RÚÐA ER BROTIN Í BÍLNUM ÞÍNUM:

-Þú hringir í Poulsen í síma 530 5900 og pantar tíma í bílrúðuskiptum.

-Gefur upp bílnúmer og tryggingafélag bílsins.

-Mætir svo með bílinn á umsömdum tíma í Skeifuna 2.

-Færð hjálp við að fylla út tjónaskýrslu og skilur bílinn eftir.

-Sækir bílinn seinnipart dags og það eina sem þú þarft að greiða er sjálfsábyrgð.

-Ekur heim með splunkunýja rúðu og gott útsýni hvert sem þú ferð.

Bílrúðuskipti og viðgerðir



PILKINGTON

AGC
ASAHI GLASS COMPANY

Poulsen
partur af lífinu

Skeifan 2 - 108 Reykjavík - Sími 530 5900 - www.poulsen.is



Rolls Royce frá árinu 1930 úr safni Grimaldi-fjölskyldunnar í Mónakó.

Glæsikerrur til sölu í Mónakó

Hluti stórkostlegs bílasafns Rainier fursta í Mónakó verður seldur á uppboði í Mónakó 26. júlí. Rainier fursti, sem lést árið 2005, var ástríðufullur bílasafnari og átti þegar best lét yfir 100 bíla af ýmsum tegundum og í mörgum verðflokkum. Þótt uppboðið sjálf fari fram 26. júlí gefst almenningi kostur á að skoða dýrgripina fjórum dögum fyrir uppboðið sem verður haldið í Museum Terrasses de Fontvieille í Mónakó. Ekkert lágmarksverð er sett á bílana en ekki er búist við því að þeir verði seldir ódýrt.

Uppáhaldsbíll Rainier fursta var Mercedes Benz 500 SEC-AMG frá árinu 1983. Talið er að hann verði seldur á tvo til fjóra milljarða króna. Önnur glæsikerra frá árinu 1913, Panhard X19, er metin á rúmlega fimm milljarða króna. Aðrir verðmætir bílar í flotanum eru meðal annars Citroen Cabriolet 5HP frá árinu 1925, Bentley S1 frá árinu 1956 og Dodge 4 x 4 Command frá árinu 1942. Yngsti bíllinn í bílaflotanum er fyrrnefndur Mercedes Benz 500 SEC-AMG en elsti bíllinn, Berliet C2, er frá árinu 1907. Það er sonur Rainier fursta, Albert prins í Mónakó, sem á frumkvæði að sölu bílanna þar sem rýma þarf fyrir nýjum safngripum.

Bílrúðutrygging getur sparað mikla fjármuni

Það getur verið dýrt fyrir bíleigendur að bera fullan kostnað af viðgerð á bílrúðum og rúðuskiptum. **Bílrúðutrygging** er því skynsamur kostur.

Bílrúðutryggingar eru valkvæðar tryggingar hérlandis og seldar með lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis. Áður var hún kölluð framrúðutrygging og tók einungis til framrúðu bifreiða en því var breytt samkvæmt óskum neytenda sem voru ekki sáttir við að fá eingöngu framrúðu bættu, ef til dæmis brotist var inn í bílinn eða eftir umferðarslys.

Þegar brot kemur í framrúðu bíls, til dæmis eftir stein, er nauðsynlegt að láta gera við rúðuna eins fljótt og hægt er. Sé viðgerð ekki möguleg strax er skynsamlegt að setja svokallaðan rúðuplastur í sárið sem hægt er að nálgast ókeypis hjá flestum tryggingafélögum. Rúðuplasturinn kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist í sárið og hægir á stækkun sprungunnar. Sé hins vegar beðið of lengi eftir viðgerð er hætt við að sprungan teygi sig um alla rúðuna með þeim afleiðingum að skipta þarf um rúðuna með tilheyrandi kostnaði.

Viðgerð á bílrúðum er að öllu jöfnu ókeypis fyrir þá bíleigendur sem hafa keypt bílrúðutryggingu. Þurfi hins vegar að skipta um bílrúðu þarf bíleigandinn að borga



Það getur borgað sig að vera með bílrúðutryggingu.

sjálfsábyrgðina sem er yfirleitt 15% af fjárhæðinni.

Kostnaður við bílrúðutryggingu er eðlilega mishár en gera má ráð fyrir 6500-7000 króna iðgjaldi á ári fyrir fólksbíla og jeplinga. Iðgjald fyrir jeppa er aðeins hærra eða um 7000-7500 krónur fyrir árið.

Hafi bíleigendur ekki keypt bílrúðutryggingu fellur allur kostnaður vegna viðgerðar og rúðuskipta á þá. Þær fjárhæðir eru mishár eftir eðli viðgerða og stærð rúðunnar. Þó er hægt að átæla að

hefðbundin rúðuskipti á fólksbíl kosti að lágmarki 60.000 krónur.

Innihaldi rúðan aukabúnað, eins og regnskynjara, loftnet eða hita, er kostnaðurinn mun meiri. Mörg verkstæði sjá um viðgerðir og rúðuskipti hér á landi. Í fæstum tilfellum þurfa bíleigendur að hafa samband við tryggingafyrirtæki sitt heldur sjá verkstæðin yfirleitt um öll slík samskipti.

Bíleigendur mæta yfirleitt með bílinn í upphafi dags og sækja hann síðar um daginn.

Einfalt hjá meistaranum

Það eina sem þarf að gera þegar bílrúða brotnar er að panta tíma hjá **Bílrúðumeistarinum**. Páll Gunnlaugsson eigandi sér um samskipti við tryggingafélögin og sérhæfir sig í öllu varðandi bílrúðuskipti og -viðgerðir.

Páll Gunnlaugsson, bifreiðasmíðameistari og eigandi Bílrúðumeistarans, hefur unnið við bílrúðuviðgerðir í rúm tíu ár. „Ég sérhæfi mig í bílrúðuviðgerðum, rúðuskiptum og rúðusetningum. Það er betra að gera einn hlut vel en marga hluti illa. Ég laga líka mött ljós og skipti um upphalara. Bílrúðumeistarinn var opnaður í mars í fyrra og það hefur verið nóg að gera hjá mér síðan,“ segir Páll.

Hann segir að ef fólk lendir í því óláni að það brotni rúða í bíl hjá því þá sé nóg að hafa samband við hann.

„Bílrúðumeistarinn er viðurkenndur aðili hjá öllum tryggingafélögum á Íslandi. Ég sé um öll samskipti við tryggingafélög og er í góðu samstarfi við þau. Fólk getur að sjálfsögðu sjálf haft samband við sitt félag en þarf það ekki frekar en það vill. Flestum finnst gott að ég sjái um alla pappírsvinnuna og ég býð einnig upp á aðstoð við að fylla út tjónaskýrslu. Það eina sem fólk þarf að gera er að hringja í Bílrúðumeistarann og panta tíma.“

Þegar þarf að skipta um rúðu í bíl þarf fólk að borga sjálfsábyrgðina en ekki neitt ef einungis þarf að láta gera við litlar skemmdir. „Tryggingafélagið borgar það upp í topp. Annars þarf að greiða sjálfsábyrgð sem er fimmtán prósent af kostnaði sem er yfirleitt á bilinu átta til tólf þúsund. Svo er framrúðan sá hlutur bifreiðarinnar sem fólk horfir mest á og mikið atriði að hún sé í toppstandi.“



Páll lofar toppgæðum og toppþjónustu í Bílrúðumeistarinum á Dalvegi. Hann sérhæfir sig í öllu varðandi bílrúðum og viðgerðir á þeim. MYND/STEFAN

„Helstu ástæður þess að rúður brotna eru fyrst og fremst steinkast og svo eru það skemmdarverk á hliðarrúðum vegna innbrota,“ segir Páll.

Bílnum er hægt að skila til Páls hvenær sem er sólarhrings og setja bíllykilinn inn um sérstaka lúgu fyrir lykla hjá Bílrúðumeistarinum.

„Viðgerðin tekur yfirleitt um fjóra tíma þannig að flestir koma með bílinn um morguninn og ná í hann í hádeginu eða koma með

hann í hádeginu og sækja hann eftir vinnu.“

Fólk getur líka beðið á meðan gert er við bílinn. „Konan mín, Lucy, er með hárgreiðslustofuna HairDoo við hliðina á Bílrúðumeistarinum hér á Dalvegi 18 og við erum með sameiginlega aðstöðu fyrir viðskiptavinum. Fólk getur jafnvel skroppið í klippingu til hennar á meðan það bíður eftir bílnum,“ segir Páll og hlær og lofar toppgæðum og toppþjónustu hjá þeim skóthjúum á Dalveginum.



ÞEGAR MÆÐIR Á BÍLRÚÐURNAR

Móða á bílrúðunum er afskaplega pirrandi og getur auk þess verið stórhættuleg því hún hindrar útsýni við akstur. Ein leið til að koma í veg fyrir móðumyndun er að hafa rifu á glugganum þegar hann stendur á bílastæðinu, þannig myndast ekki móða í bílnum meðan hann bíður. Önnur er að hjóla heim úr ræktinni en setjast ekki sveittur inn í bíl, því meðan líkaminn kælir sig sest auðvitað heit gufan á rúðurnar. Sú þriðja er að takmarka inn- og útöndun farþega en það er kannski erfitt til lengdar. Blástur á framrúðuna svínvirkar en þá er jafnvel árangursríkara að nota kaldan blástur en heitan, því kælingin dregur úr raka andrúmsloftsins og dregur þar af leiðandi úr móðunni. Þið þekkið þetta úr flugvélunum - loftkælingin þar þurrkar upp húðina. Athugið einnig að miðstöðin sé stillt á ytri hringrás því annars er hreinlega verið að stuðla að móðumyndun.

Svo má auðvitað þurrka rúðuna með handklæði en það er tímabundin lausn. Einnig er hægt að fá sérstaka svampa til þessa, sem skilja ekki eftir ljótar línur á rúðunni.

Eitt ráð er gott fyrir veturinn: Blandið edik í vatn, í hlutföllunum einn á móti þremur og úðið á rúðurnar innanverðar og utanverðar. Þetta kemur í veg fyrir að rúðurnar kólni og frjósi.

Ef vandamálið er þrálátt gæti það tengst öðrum kvillum í bílnum sjálfum. Miðstöðin gæti verið biluð, en það er mikilvægt að hún losi sig við allt umframvatn. Móða innan á bílrúðum í þurrviðri getur einnig verið vísbending um ryð.

Móða á afturrúðu hverfur með hitastrengjunum í rúðunni. Munið bara að slökka aftur á þeim þegar móðan er horfin til að spara orku.

BÍLAR

LAUGARDAGUR 21. JÚLÍ 2012

Kynningarblað

Ódýrasti bíllinn
Meirapróf á hjólhýsi
Minnkið bensíneyðsluna
Öryggi barna
Hraðskreiðir bílar
Réttta loftið



Valdimar Sveinsson keppir í sinni fyrstu torfæru um helgina á bílnum Trúðnum. Trúðurinn á sér langa sögu í torfærunni og vann fyrri eigandi hans, Gunnar Gunnarsson, nokkra Íslandsmeistaratitla á honum.



Trúðurinn upp á sitt besta.



Spennandi akstursteiki keppa.



Henning Ólafsson hjá bílnum Kalda í eigu Stefáns Bjarghéðinssonar, núverandi Íslandsmeistara í götubílaflokk.

Tryllitæki í Jósepsdal á ný

Henning Ólafsson er keppnisstjóri torfærukeppni sem haldin er í dag í Jósepsdal klukkan 13. Keppnissvæðið var vinsælt upp úr 1990 en hefur ekki verið notað síðastliðin sex ár. Helmingur ágóða keppinnar rennur til styrktar **Umhyggju**.

Akstursíþróttafélag Suðurnesja, sem annast keppnina, fagnar 30 ára afmæli á þessu ári. Keppnin heitir Bílar og Hjól Torfæran í höfuðið á aðalbakhjarli hennar, Bílar og Hjól ehf. Í tilefni af afmælisári Akstursíþróttafélagsins ætlar það að gefa helming ágóðans til Umhyggju, sem er styrktarfélag langveikra barna. „Hugmyndin að gjöfinni er komin frá keppnisliði Hlunksins frá Selfossi en þeir eru búnir að ganga með hana í maganum í nokkur ár. Okkur þótti þetta frábær hugmynd og langaði að gefa af okkur. Keppnin er kjörin leið til þess að láta gott af sér leiða,“ segir

Henning Ólafsson, keppnisstjóri og formaður Akstursíþróttafélags Suðurnesja.

Endurvakning Jósepsdals

Keppnissvæðið í Jósepsdal var mjög vinsælt upp úr 1990, en síðustu sex ár hefur það ekkert verið notað. „Okkur langaði að endurvekja svæðið og ræddum við verktaka sem eru með malaránámurnar þarna. Þeir veittu okkur aðgang að þeim svo torfærusvæðið í Jósepsdal er komið aftur á kortið eftir nokkurra ára hlé.“ Vinsældir torfæru hafa dalað nokkuð undanfarin ár miðað við sem áður var og vonast Henning til að breyting verði þar á, sérstak-

” Við ætlum að gefa helming ágóðans til Umhyggju, sem er styrktarfélag langveikra barna.

lega með keppninni í Jósepsdal. „Þetta er síðasta torfærukeppni sumarsins hér á Suðurlandi og því ekki seinna vænna fyrir íbúa Reykjavíkur og Suðurlands að drífa sig og bera tryllitækin augum. Ekki er langt að fara þar sem Jósepsdalur er rétt hjá Litlu kaffistofunni og tekur litlar 10 mínútur að keyra frá Reykjavík.

Það er mjög gaman að fara með krakka á torfæru og horfa á þessi tryllitæki spæna upp brekkurnar. Og ekki skemmir fyrir að ókeypis er fyrir 12 ára og yngri. Tilvalið er að gera sér glaðan dag og stoppa á Litlu kaffistofunni í leiðinni og fá sér heitt kakó og smurbrauð.“

Æsispennandi keppni

Keppnin er partur af Íslandsmótaröðinni í torfæru. Þátttakendur eru 12 talsins; fjórir í götubílaflokk og átta í flokki sérútbúinna bíla. „Þetta er æsispennandi keppni og mjög jafnt á með keppendum í mótaröðinni. Menn munu því leggja sig alla fram enda komnir til að vinna.“

Spurður um hvort að veðurspáin setji ekki strik í reikninginn segir Henning að það hleypi bara meiri spennu í keppnina ef það er blautt. „Það er erfiðara fyrir bílana og ökumennina að komast í gegnum brautina ef hún er blaut. Áhorfendur sjá líka meira en í þurru þar sem rykmekkirirnir þyrlast upp og bílarnir hverfa hreinlega í ryki.“

Aðeins eru tvær keppnir eftir í sumar, fyrir utan þá sem haldin er í Jósepsdal. Þær eru báðar haldnar á Akureyri. Þangað munu mæta aðilar frá Norðurlöndum með öfluga torfærubíla, og er keppnin liður í Norðurlandamóti í torfæru.



Bíllinn er aldrei öruggari en dekkinn undir honum!

Frábært framboð á gæðadekkjum í öllum verðflokkum

Bilabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

NESDEKK
Reykjavík
Reykjanesbær

Bilabúð Benna • Tangarhöfða 8 • Reykjavík
S: 590 2000 / 590 2045 • www.benni.is

Nesdekk • Fiskislóð 30 • Reykjavík • S: 561 4110
Nesdekk • Njarðarbraut 9 • Reykjanesbær • S: 420 3333

Skoðuðu dekkjaúrvalið á www.benni.is/dekk • Umboðsmenn um land allt • S: 590 2000

VARAÐ VIÐ VEÐRI

Veðurfræðingar spá suðaustan- og austanlægu hvasuviðri og jafnvel stormi um sunnan- og vestanvert landið og á miðhálandinu síðdegis í dag og fram eftir kvöldi. Við þessar aðstæður má fastlega gera ráð fyrir snörpum vindhviðum, allt að 30-35 m/s á nokkrum vel þekktum stöðum eins og undir Eyjafjöllum, á utanverðu Kjalarnesi, undir Hafnarfjalli, við Hafursfell á Snæfellsnesi og á Fróðárheiði. Á þessum slóðum verður hvasast á undan skilum lægðarinnar frá því upp úr miðjum degi og fram eftir kvöldi, segir á vef Vegagerðarinnar. Fólk með tengivagna ætti að gæta sérstakrar varúðar.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Elsa Jensdóttir elsaj@365.is sími 512 5427

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Plasthlífar
á húdd, glugga og ljós

**FÁANLEGAR
Á FLESTAR TEGUNDIR
JEPPA
OG FÓLKSBÍLA**

EGR

Kletthálsi 3 - 110 Reykjavík - sími 540 4900 - www.arctictrucks.is



Tata Nano er ekki efnismikill, enda ódýrasti fjöldaframleiddi bíll veraldar og vegur hann aðeins 600 kg.

Ódýrasti bíll í heimi

Ódýrasti bíll í heimi er **Tata Nano**. Á næsta ári mun hann líklega vera fánlegur í Evrópu. Tata Nano hefur verið líkt við Volkswagen-bjöllu sem sló í gegn á sínum tíma sökum hentugleika.

Tata Nano hefur verið framleiddur af Tata Motors á Indlandi frá árinu 2008 og er ódýrasti bíllinn sem fánlegur er í heiminum dag.

Verðið er í kringum 2500 Bandaríkjadala eða um 315 þúsund íslenskar krónur.

Tata Nano var hugsaður sem raunhæfur möguleiki fyrir fólk í

stað mótörhjóna og þriggja hjóla bíla sem eru algeng farartæki á Indlandi. Bíllinn hefur slegið rækilega í gegn þar og vakið mikla athygli á heimsvísu. Verð hjá samkeppnisadilum Tata Nano var lækkað um 20-25% og sala á Suzuki Marudi féll um 20% við innkomu Tata Nano á markaðinn.

Velgengi bílsins á Indlandi mun að öllum líkindum skila sér alla leið til Evrópu, en áætlað er að selja hann þar strax á næsta ári undir heitinu Tata Pixel. Sú týpa mun vera dýrari og vandaðri en sú indverska til að mæta strangari reglum og hærri kröfum Evrópubúa.

Það er ekki að ástæðulausu að bíllinn er ódýr enda er sparað í ýmsu við framleiðslu hans. Hann er til að mynda ekki með loftpúða eða úrtarp nema beðið sé um það. Engar ABS-bremsur, loftkæling eða rafmagn í rúðum. Vökvastýri er ekki nauðsynlegt þar sem Tata Nano er svo léttur. Margir hafa líkt bílnum við Volkswagen-bjöllu sem var bylting á sínum tíma sökum þess að þar var kominn bíll sem rúmaði alla fjölskylduna en kostaði mjög lítið. Tata Nano er líkur bjöllunni að mörgu leyti. Hann er ódýr og lítill og vélin er í skottinu.



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR UM TATA NANO

Lengd: 310 cm.
Breidd: 149 cm.
Hæð: 165 cm.
Þyngd: 600 kg.
Hjólasterð: 12 tommu.
Vél: Bosch, 2 strokka, 38 hestöfl, 623 rúmsentímetrar.
Skipting: 4 gíra beinskipting.
Drif: Afturhjóladrífinn.
Eyðsla: 4,5 l/100 km innanbæjar, 3,85 l/100 km utanbæjar.
Hröðun: 14 sekúndur frá 0-70 km.
Hámarkshraði: 105 km/klst.

SPARAÐU ALLT AÐ 20% MEÐ SPARAKSTRI

Þegar bílar eru komnir á ákveðinn hraða þá leitast þeir við að halda þeim hraða nema aðrir kraftar komi til eins og bremsur, vél eða mótstaða af einhverju tagi. Vélin er eingöngu til að koma bílnum af stað, og eftir það að hjálpa til við að yfirvinna vindmótstöðu og núningmótstöðu við veginn. Til að minnka orkunotkun er því gott að reyna að skipta fyrr upp um gíra og draga úr snúningi vélarinnar. Bíll eyðir meira bensíni eftir því sem snúningshraði vélarinnar er meiri. Best er að halda jöfnum hraða og nota bremsurnar sem minnst. Ekki skipta niður með gírnum, því með því að gíra niður eykst snúningur vélarinnar og loftstreymið í gegnum hana og þar með eldsneytisbrennslan. Betra að hægja fyrr á sér þegar komið er að ljósum eða gatnamótum og láta bílnum renna í hlutlausum gír. Þannig nýtist hreyfiorkan sem notuð var þegar vélin kom bílnum af stað lengur. Önnur mikilvæg atriði er til dæmis að vera ekki með aukafarangur í bílnum til að létta hann, muna að drepa á honum í kyrrstöðu og vera með réttan loftþrýsting í dekkjum til að minnka mótstöðu. Með þessu móti er hægt að spara allt að 20% í eldsneytisnotkun.



75 YEARS

KÄRCHER®

Háþrýstidælur
Þegar gerðar eru hámarkskröfur

Teg: K 3.500
120 bór max
460 ltr/klst

Teg: K 7.400
160 bór max
600 ltr/klst

Teg: K 6.300
150 bór max
550 ltr/klst

Teg: K 5.700
140 bór max
460 ltr/klst

Teg: K 2.21
110 bór max
360 ltr/klst

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · Fax 568-0215 · www.rafver.is
FAGMENNSKA ALLA LEIÐ



ÞINN HAGUR Í BÍLAVARAHLOTUM

AB REYKJAVÍK ER FLÚTT Í FUNAHÖFNA 9. STÆRRI GLÆSILEGRI VERSLUN!

AB VARAHLUTIR SÍMI: 567 6020 - WWW.AB.IS

NU Á ÞREMUR STÖÐUM REYKJAVÍK REYKJANESBÆR AKUREYRI - ALLTAF BETRI

Meirapróf þarf til að draga stærstu hjólhýsin

Á undanförunum árum hafa hjól- og tjaldhýsi verið að stækka mikið, sérstaklega í góðærinu þegar talað var um skuldahalana á vegum landsins.

Sigurður Helgason hjá Umferðarstofu segir að menn séu meðvitaðri um það nú en áður að ekki megi draga mjög stór tæki nema hafa til þess sérstök ökuréttindi og að bíllinn hafi til þess burði. „Það er mjög einfalt að verða sér úti um þá vitneskju. Í öllum skráningarskírteinum bifreiða kemur fram hversu þunga eftirvagna þeir mega draga. Lögreglan fylgist með þessum farartækjum og mér er sagt að yfirleitt hafi ökumenn tilskilin réttindi til að aka bílum með stórum eftirvögnum. Reyndar kemur fyrir að menn aki stórum bílum og hafi ekki þau réttindi sem reglur kveða á um. Þeir sem eru með venjulegt ökuþróf mega ekki aka öllum bílum sem eru þó skilgreindir sem fólksbílar. Stærstu jeppar geta farið yfir þá þyngd sem miðað er við eða 3,5 tonn.“

Sigurður segir að menn verði einnig að gæta að því að tengibúnaðurinn sé í góðu lagi en það hafi lagast mikið á undanförunum árum. „Eftirlit hefur verið hert með þessum hlutum.“

Próflausir á ferðinni

Í Noregi hafa menn haft áhyggjur af



Flestir ökumenn átta sig á því að stundum þarf meirapróf til að aka með stóra tengivagna.

Því að ökumenn dragi of stór hjólhýsi án þess að hafa til þess réttindi en einnig er víðtækt vandamál að menn aki próflausir. Á síðasta ári voru 13.500 manns, sem ekki gátu sýnt ökuskírteini, stöðvaðir og sektaðir. Parlandir bílstjórar sem ekki hafa ökuréttindi eru sektaðir um 10 þúsund norskar krónur (210 þús. íslenskar) í fyrsta skipti sem þeir eru teknir. Ef sömu ökumenn eru teknir aftur hækkar sektin og í þriðja skiptið er refsingin fangelsisdómur.

Sigurður segir að þetta sé sömu-

leiðis mikið vandamál hér á landi og allt of algengt. „Viðurlögin við því að aka réttindalaus eru 60 þúsund krónur við fyrsta brot, 100 þúsund við annað og síðan fangelsisvist. Oft eru þetta menn sem hafa verið sviptir ökuréttindum en lögreglan fylgist sérstaklega með þeim þannig að þeir taka mikla áhættu.“

Annað vandamál eru þeir sem gleyma að endurnýja ökuskírteinið eða hreinlega gleyma að bera það á sér. Þeir sem skilja ökuskírteinið eftir heima þurfa að borga 5.000 krónur í sekt.“

FLEIRI TAKA AUKIN ÖKURÉTTINDI

Nokkur aukning varð í fyrra á þeim sem tóku ökuþróf fyrir stórar vörubifreiðar eða 9% miðað við árið þar á undan. Á stórar hópþifreiðar varð aukningin rúmlega 21% og á fólkþifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni rúmlega 17%. Þá var mikil aukning á þeim sem tóku ökuréttindi fyrir litlar vörubifreiðar og hópþifreiðar eða rúmlega 57%.

ÁSTANDS- SKOÐANIR fyrir fólksbíla og jeppa



- fagfólk
- fullkomin skoðunarstöð
- kaffi á könnunni

ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is
Sími 540 4900

bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

Þjónustuverkstæði fyrir eftirtaldar bifreiðar


reynsla – þekking – góð þjónusta

bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



TOYOTA ÞJÓNUSTA ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMÍÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIÐAVERKSTÆÐI.IS

S. 587 1350


Minnka má bensíneyðsluna

Bensíneyðsla er eitthvað sem margir eru farnir að hugsa út í nú þegar verð á bensíni hefur hækkað. Það er margt sem að stjórnar bensíneyðslunni fyrir utan stærð vélarinnar á bílnum.

Aksturslag getur haft mikil áhrif á hversu miklu bíllinn eyðir. Ef viðkomandi er að gefa mikið í á stuttum vegalengdum þá eyðist bensínið hraðar en þegar um langtíma utanbæjarakstur er að ræða, þá eyðir bíllinn minna. Veðrið skiptir einnig máli. Á veturna eyða bílarnir oftast meira vegna hállu og snjókomu.

Það er ekki alltaf hægt að treysta á bílaauglýsingar og hvað þær gefa upp sem eyðslu bílanna. Dekkin og regluleg skipting á olíu geta líka skipt máli, þess vegna er mikilvægt að halda bílnum við. Fordastu lausagang bílsins, ef bíllinn er stöpp í meira en 30 sekúndur borgar sig að drepa á honum. Ef ekið er um á beinskiptum bíl þá getur breytt miklu að aka í hæsta mögulega gírnum og vera fljótur að skipta upp.

Gott er að hugsa áður en farið er af stað: Hvert er ég að fara? Get ég fengið far með öðrum? Get ég sinnt öðru erindi í sömu ferðinni? Get ég hjólað þangað? Með þessum ágætis ráðum er hægt að minnka bensíneyðsluna.



BÍLAVEISLA OG BÍLAKAKA

Leiftur McQueen ætti að vera flestum vel kunnur úr teiknimyndinni Bílar eða Cars. Fyrir þá sem eiga börn sem heillast af þessum hraðskreiða fáki er hægt að fá ýmiss konar varning með kappanum. Blöður, bílar, dúkar, diskar og alls kyns veisluvörningur er tilvalinn í afmælisveisluna. Fyrir þá sem lagnir eru við bakstur er tilvalið að skella í eina Leiftur McQueen-köku fyrir afmælið.

Á vefslóðinni www.mommur.is er að finna ítarlegar upplýsingar og uppskrift að því hvernig baka skal eina slíka. Víst er að fyrir litla aðdáendur myndi þannig kaka slá rækilega í gegn.

STEINBAUER

Steinbauer gefur aukakraft og sparar eldsneyti



Tölvubúnaður sem breytir olíumagni, loftflæði og tíma. Eykur kraft um allt að 25%, minnkar eyðslu um 10%. Sparar eldsneyti og eykur kraft í öllum dieselvélum með rafeindastýrðri innspýtingu.



VÉLFANG – VERKIN TALA



Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200
www.velfang.is • velfang@velfang.is



HRAÐSKREIÐUSTU BÍLARNIR

Á heimasíðunni The Super Cars er listi yfir þá bíla sem eru þeir hraðskreiðustu í heimi á þessu ári.

Í fyrsta sætinu á listanum er Bugatti Veyron Super Sport en hann nær 430 kílómetra hámarkshraða. Hann nær hundrað kílómetra hraða á klukkustund á 2,5 sekúndum. Hann var líka hraðskreiðasti bíllinn árið 2010. Ef Íslendingar hyggjast festa kaup á hraðskreiðasta bíl heims þá þurfa þeir að reiða fram 2,4 milljónir dollara eða sem nemur rúmlega 303 milljónum íslenskra króna.

Í öðru sætinu eru tveir bílar jafnir. Hennessey Venom GT og Koenigsegg Agera R en þeir náðu báðir 418 kílómetra hraða á klukkustund. Venom GT náði hundrað kílómetra hraða á rúmlega 2,5 sekúndum og Agera R var 2,9 sekúndur að ná hundraðinu. Það á þó eftir að prófa Venom GT betur en hann getur mögulega náð 442 kílómetra hámarkshraða. Hann verður líklega helsti keppinautur Veyron Super Sport á næstu árum.




LOFTPRÝSTINGUR Í DEKKJUM

Jeppafólk á það til að lækka loftþrýsting í dekkjum til að auka drifgetuna. Þetta er nauðsynlegt við snjóakstur en margir freistast til að gera slíkt hið sama á grófum malarvegum á sumrin, en þannig verður aksturinn mýkri og þægilegri fyrir farþega.

Engin dekk eru þó sérstaklega gerð fyrir lágan loftþrýsting. Mikilvægt er að pumpa í dekkinn aftur hið fyrsta þegar aka skal undir eðlilegum kringumstæðum á ný. Hvassir steinar geta eyðilagt dekk auðveldlega.

Þegar ekið er í snjó með lágum loftþrýstingi í dekkjum skal gæta þess að þau hitni ekki. Best er að aka hægt svo snjórinn nái að kæla þau. Í hörðum snjó eykst hraðagetan og þar með hættan á dekkja-skemmdum.

Dekk sem ekið er með lágum loftþrýsting eru á ábyrgð notanda því framleiðendur samþykkja ekki að lofti sé hleypt úr dekkjum. Athugið að umhverfispættir hafa einnig áhrif á þrýstinginn, svo sem hæð yfir sjávarmáli, hitastig, hæðir og lægðir. Mikilvægt er að fylgjast alltaf með þegar ekið er með lágum loftþrýsting í dekkjum. Heimild: Arctictrucks.is



ÖRYGGI BARNNA Í BÍLUM FER BATNANDI

Umferðarstofa og Slysavarnafélagið Landsbjörg könnuðu í maí á síðasta ári öryggisbúnað barna í bifreiðum. Öryggisbúnaður 2504 barna var skoðaður og var farið í 68 leikskóla í þessum erindagjörðum. Slík könnun hefur farið fram árlega frá árinu 1996 og telur Umferðarstofa ástandið hafa batnað mikið á þessum sextán árum. Engu að síður er enn hægt að setja út á öryggisþætti barna í bílum. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru þær að einungis 11,7% barna undir þriggja ára voru í bakvísandi barnabílstólum. Þá sátu 23 börn fyrir framan virkan öryggispúða, þar af voru sjö börn eingöngu með bílbelti og þrjú alveg laus. Allar þessar niðurstöður voru þó ívið betri en árið áður og hefur ástandið farið batnandi ár frá ári frá því könnunin var fyrst gerð. Þetta kemur fram í ársskýrslu Umferðarstofu fyrir árið 2011.

Umferðarstofa leggur mikla áherslu á öryggi barna í umferðinni sem annarra og gerir reglulegar kannanir til að fylgjast með umferðarmenningu landsmanna. Margt jákvætt kemur fram í ársskýrslunni um bættu hegðun öku-manna en sérstök áhersla hefur verið lögð á fræðslu nýrra ökumanna. Stofnuð hefur verið sérstök Facebook-síða í þeim tilgangi. Síðan fékk nafnið Vertu til og er ætlað að miðla upplýsingum til nemenda framhaldsskólanna.



Glansandi bíll með SONAX bón- og hreinsivörum grípur augað

SONAX býður allt sem þarf: bón fyrir allar gerðir af lakki, felguhreinsi, dekkjahreinsi, sápur, svampa, vinylhreinsi, gluggahreinsi og fleiri hágæða hreinsivörur.

Nánari upplýsingar á www.sonax.is

SONAX[®]



Jóhann Hermannsson, framkvæmdastjóri Orku.

Skeinuhættar stjórnur sem springa út

Fyrirtækið **Orka** að Stórhöfða 37 flytur inn og annast viðgerðir og skipti á bílrúðum.

Orka er gamalt og rótgróið fyrirtæki stofnað 1946 og verður því 66 ára í ár. Upphaflega var það stofnað til að bora eftir heitu vatni en með tíð og tíma þróaðist þjónusta þess út í innflutning á bílrúðum og bílalakki og alla þjónustu sem þeirri vöru tengist. Starfsmenn Orku skipta um fleiri hundruð rúður á ári í höfuðstöðvunum að Stórhöfða 37 en á vegum fyrirtækisins eru líka menn sem fara á milli verkstæða og skipta fagmannlega um rúður. „Svo höfum við í nokkur ár verið í rúðuviðgerðum líka,“ segir Jóhann G. Hermannsson framkvæmdastjóri. „Það er vakning í þessu núna, við höfum síðastliðin

fimm ár verið að gera við svona litlar stjórnur sem koma á framrúðurnar. En núna eftir kreppu kom meiri þrýstingur frá tryggingafélögum að gera meira við, sem er bara gott. En það er bara hægt að gera við litlar stjórnur, sprungur eltumst við ekki við,“ segir Jóhann sem telur að fyrirtækið eigi framrúður á lager í um 95 prósent af bílum á landinu í dag. Fyrirtækið er líka með þó nokkuð magn af afturrúðum á lager en hliðarrúður eru sérpantadar. Erfitt er að vera með hliðarrúður á lager þar sem þær eru svo mismunandi í laginu.

Þeir sem ætla að skipta um rúðu hjá Orku hringja og panta tíma,

“**Það er mest um brotnar rúður þar sem verið er að leggja nýklæðningar og smásteinar skjótast upp.**“

koma með bílinn að morgni og fá hann aftur samdægurs. Orka hjálpar til við útfyllingu á nauðsynlegum plöggum og innheimtir 15 prósentu sjálfsáhættugjald fyrir tryggingafélagið. Viðskiptavinurinn þarf aldrei að hafa samband við það sjálfur.

„Við getum oft séð hvar er verið að vinna í vegum á landinu hér

á verkstæðinu,“ segir Jóhann og hlær. „Það er mest um brotnar rúður þar sem verið er að leggja nýklæðningar og smásteinar skjótast upp. En svo kemur önnur törn þegar frystir. Þá hafa menn fengið lítið steinkast um sumarið og síðan myndast litlar stjórnur sem springa út um veturinn. Þetta tvennt er svona algengast,“ segir Jóhann.

Hjá Orku starfa níu menn og eru þeir með áratuga reynslu að baki og með menntun í faginu. Sjálfur er Jóhann lærdur bifreiðasmíður sem hefur ófáa bílrúðuna hanterað. Hann bendir fólki á heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni Bilrudur.is.



FRAMRÚÐUTRYGGINGIN DAUÐ

„Það sem áður hét framrúðutrygging heitir nú bílrúðutrygging, þá eru allar rúður tryggðar í bílnum,“ segir Jóhann hjá Orku. Þetta hlýst af því að viðskiptavinir voru heldur óánægðir með að fá ekki nema framrúðuna tryggða ef brotist var inn í bílana þeirra og tryggingafélögin sáu að sér og bættu þjónustuna. „Nú fær fólk þó allar rúður nýjar í bílinn,“ segir Jóhann.

HRAÐARI ÞJÓNUSTA

Hjá Orku eru auðvitað notuð nýjustu og bestu efnin sem til eru á markaði. Eitt það mikilvægasta við ísetningu á bílrúðum er límið, en það hefur þróast



mjög mikið. Í gamla daga var kittið miklu lengur að þorna og því þurfti að bíða miklu lengur áður en keyrt var af stað eftir skiptingu. Nú þarf ekki að láta límið þorna nema í klukkutíma áður en keyrt er af stað áhyggjulaust. Að sögn Jóhanns hjá Orku má alls ekki keyra af stað fyrr en límið er orðið alveg pottþétt, því ef maður lendir í árekstri og límið er ekki tilbúið, þá getur farið illa. „Þess vegna afhendum við aldrei bíl fyrr en eftir öruggan límtíma. Þetta er upp á öryggið, maður verður að búast við því versta,“ segir Jóhann.

ER BÍLRÚÐAN BROTTIN?

SKIPTUM UM BÍLRÚÐUR GERUM VIÐ BÍLRÚÐUR ...Í ÖLLUM GERÐUM BÍLA!

Orka

ORKA EHF STÓRHÖFÐA 37

5861900 WWW.BILRUDUR.IS

VINNUM FYRIR ÖLL TRYGGINGAFÉLÖGIN



Nóg er að panta tíma með eins dags fyrirvara hjá Bílrúðunni, að sögn Jakobs. Bílrúðan er fjörutíu ára gamalt fyrirtæki sem er við Grettisgötu í Reykjavík og nóg er af bílastæðum hjá fyrirtækinu.

Allar gerðir af rúðum í boði

Bílrúðan er rótgróið fyrirtæki í miðbænum en þar er skipt um allar tegundir bílrúða og hægt að panta tíma með eins dags fyrirvara.

Bílrúðan er fjörutíu ára gamalt fyrirtæki,“ segir Jakob Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Bílrúðunnar, eins elsta starfandi fyrirtækis á sviði bílrúðuskipta á Íslandi. „Við flytjum inn, skiptum um og gerum við rúður,“ segir Jakob og tekur fram að nóg sé að panta tíma hjá Bílrúðunni með eins dags fyrirvara. Skipt sé um rúðurnar samdægurs en það taki fjóra til fimm klukkutíma.

Jakob segir að þegar Bílrúðan var stofnuð árið 1972 hafi fyrirtækið smíðað rúðurnar sjálft. Síðustu tuttugu árin hafi það flutt þær inn. „Þetta voru orðnar svo stórar og flóknar rúður,“ segir Jakob en Bílrúðan flytur inn rúður frá Sant-Gobain Sekurit sem er að hans sögn „einn stærsti „orginal“ bílrúðuframleiðandi í heiminum í dag.“

Bílrúðan flytur inn bæði framrúður og afturrúður ásamt því að gera við rúður. „Við erum með rúður á lager í allar bíltegundir. Svo getum við útvegað alls konar rúður með skömmum fyrirvara ef við eigum þær ekki,“ segir Jakob



Bílrúðan flytur inn bæði framrúður og afturrúður ásamt því að gera við rúður.

og bætir við að á Bílrúðunni sé einungis notað viðurkennt efni. Hann lýsir svo viðgerðum á skemmdum á rúðum: „Þegar gert er við minniháttar skemmdir á rúðunum þá fellur eigin áhætta niður og þá þarf eigandi ekki að borga neitt. Það er engin sjálfsábyrgð á því,“ upplýsir hann en

Bílrúðan er viðurkennd af öllum tryggingafélögum.

Hverjir leita helst til ykkar? „Það eru bæði einstaklingar og fyrirtæki. Við sinnum mörgum stórum bílaumboðum og flestum stærstu bíla-leigunum,“ upplýsir Jakob en á verkstæðinu starfar einungis menntað fagfólk. „Við leggjum mikla áherslu

á það að allir séu menntaðir í því sem þeir eru að gera. Framrúðurnar eru burðarvirkið í bílnum þegar lent er í tjóni, þannig að þetta þarf að vera vel gert,“ segir Jakob og heldur áfram: „Við erum líka rétttingaverkstæði og málningarverkstæði þannig að við getum gert svo mörgu skil. Við erum alhliða rétttingaverkstæði.“

Bílrúðan er til húsa að Grettisgötu 87 í Reykjavík. „Við erum á Grettisgötunni, milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs, alveg við Hlemm. Við erum á góðum stað og með nóg af bílastæðum.“

Nánari upplýsingar má finna á slóðinni www.bilrudan.is og í sínum 552 5780 og 552 5755.

BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN

**Bestir í bílrúðuskiptum.
30 ára reynsla fagmanna.
3ja ára ábyrgð á allri vinnu.**

BÍLRÚÐAN

Grettisgötu 87 • 105 Reykjavík
Símar 552 5755 & 552 5780
bilrudan@bilrudan.is • www.bilrudan.is

BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN